



Rekstrarhagfræði 1 — HAG2A05

Námsáætlun, haustönn 2024

Kennari/kennarar:

Reynir Már Ásgeirsson

Netfang/netföng:

reynir.asgeirsson@borgo.is

Lýsing:

Farið verður yfir grunnhugtök og meginviðfangsefni rekstrarhagfræðinnar. Sérstök áhersla er lögð á að nemendur fái góðan skilning á uppbyggingu og skipulagi fyrirtækja og stofnana; sem og hvernig umræddar skipulagsheildir nái best fram markmiðum sínum. Nemendur öðlist þekkingu á ólíkum efnahagskerfum, starfsgrundvelli fyrirtækja, sambandi hagkerfis og umhverfis, ólíku rekstrarumhverfi, nytjum og framleiðslu, kostnaði og tekjum, framboði og eftirspurn, einföldum afkomumælingum og ýmsum grunnatriðum í skipulagi og stjórnun.

Þekking, leikni, hæfni:**Þekkingarviðmið**

Nemendur skulu hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- helstu grunnhugtökum hagfræðinnar.
- starfsgrundvelli fyrirtækja.
- kostnaðargreiningu.
- framboði og eftirspurn.
- flokkun atvinnugreina.
- mismunandi rekstrarumhverfi fyrirtækja.
- stefnumótun og markmiðssetningu.
- framleiðslu fyrirtækja og nytjum.
- sambandi hagkerfis og umhverfis.

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- fjalla um og greina starfsgrundvöll fyrirtækis.
- skilgreina rekstrarumhverfi fyrirtækis.
- fjalla um beinan og óbeinan ávinning af náttúruauðlindum.
- reikna út tekjur og kostnað í rekstri.
- fást við einfaldar afkomumælingar.
- vinna við rekstur fyrirtækja.

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- reka fyrirtæki, þar með talið vinna að stefnumótun og áætlanagerð, sem er metið með verklegum æfingum og skriflegum prófum.
- reikna út beinan og óbeinan kostnað og finna út eigið verð afurðar; reikna breytilegan og fastan kostnað, framlegð og afkomu; reikna út rekstrarjafnvægi; setja raunhæf markmið í rekstri og annast tekju- og kostnaðargreiningu sem metið er með skriflegum hlutaprófum, hóp- og einstaklingsverkefnum (ritsmíð).

Námsmat:

- Fjögur hlutapróf 50%
- Hópverkefni (ritsmíð) 30%
- Kynning 10%
- Kennaraeinkunn 10%

Nemendur þreyta fjögur hlutapróf sem samanlagt veða 50% af lokaeinkunn áfangans, það er hvert hlutapróf vegur 12,5%. Einnig vinna nemendur hópverkefni sem gildir 30% af námsmati. Í lok annar kynna nemendur hópverkefni sín — og gildir sú kynning 10%. Kennaraeinkunn telur 10% af lokamati sem felur í sér virkni og vinnusemi nemenda í tímum.

Námsgögn:

- *Rekstrarhagfræði – fyrir framhaldsskólanemendur eftir Vífil Karlsson* (útg. 2024).
- Ítarefni frá kennara.

Aðrar mikilvægar upplýsingar:

- Nemendum ber að skila öllum verkefnum og taka þátt í hlutaprófum.

Vika	Dags.	Námsþættir	Námsmats- þættir
1	19.-23. ágúst	1. kafli: Hagfræði og markaðurinn (Kynning)	
2	26.-30. ágúst	1. kafli: Hagfræði og markaðurinn	
3	2.-6. sept.	2. kafli: Framleiðsla	
4	9.-13.sept.	2. kafli: Framleiðsla	Hlutapróf 1 (12,5%)
5	16.-20.sept	3. kafli: Eftirspurn	Vörðuvika I
6	23.-27. sept.	3. kafli: Eftirspurn	
7	30.sept.- 4. okt.	4. kafli: Kostnaður	
8	7.-11. okt.	4. kafli: Kostnaður	Hlutapróf 2 (12,5%)
9	14.-18. okt.	5. kafli: Fullkomin samkeppni	
10	21.-23. okt.	6. kafli: Einkasala	Hausthlé
11	29. okt.-1. nóv.	7. kafli: Afkomumælingar — einfaldar aðferðir	Hlutapróf 3 (12,5%)
12	4.-8. nóv.	8. kafli: Rekstrarumhverfi fyrirtækja	Vörðuvika II.
13	11.-15. nóv.	8. kafli: Rekstrarumhverfi fyrirtækja	
14	18.-22. nóv.	9. kafli: Fyrirtækið, auðlinda- og umhverfishagfræði	Hlutapróf 4 (12,5%)
15	25.-29. nóv	9. kafli: Fyrirtækið, auðlinda- og umhverfishagfræði	Ritsmið (30%)
16	2.-6. des.	Verkefnavinna	Kynning (10%)
17	9.-12. des	Yfirlit og upprifjun	Kennaraeinkunn (10%) Síðasti kennsludagur

Tímaáætlun er sett fram með fyrirvara um nauðsynlegar breytingar.